

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 372. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. júní 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Farsæld barna: Sigrún Ólafsdóttir og Ingveldur Eypórsdóttir mæta á fundinn með stutta kynningu.
- 2) Kosning forseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 3) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar til eins árs.
- 4) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð til eins árs.
- 5) Fundargerð 339. fundar bæjarráðs, dags. 16. maí 2023.
- 6) Fundargerð 171. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. júní 2023.
- 7) Fundargerð 143. fundar hafnarstjórnar, dags. 17. maí 2023.
- 8) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 8. maí 2023.
- 9) Fundargerð menningarnefndar, dags. 9. maí 2023.
- 10) Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 8. ágúst, 7. nóvember og 20. desember 2022, og 16. janúar, 1. febrúar og 24. apríl 2023.
- 11) Fundargerð 1. fundar stýrihóps um heilsueflandi samfélag, dags. 25. maí 2023.
- 12) Fundargerð spretthóps um úrræði fyrir leikskólabörn vegna styttingu vinnuvikunnar, dags. 30/5 2023.
- 13) Fundargerð aðalfundar byggðasamlags um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 2. maí 2023.
- 14) Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf., dags. 24. maí 2022.
- 15) Fundargerð 214. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. apríl 2023.
- 16) Fundargerð 181. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 8. maí 2023, ásamt dagskrá fræðslufundar um fráveitumál á Vesturlandi sem haldinn var fimmtudaginn 25. maí s.l.
- 17) Aðalfundarboð Nývest ses, þann 6. júní 2023.
- 18) Fundargerð 925., 926., 927. og 928. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. apríl, 17. maí, 26. maí og 2. júní 2023.
- 19) Fundargerð 453. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 17. maí 2023.
- 20) Fundargerð 72. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 19. apríl 2023.
- 21) Bréf frá Jóni Guðmanni Péturssyni, dags. 2. júní 2023, ásamt athugasemdum við álit og leiðbeiningar SÍS til sveitarfélaga vegna álits Umboðsmanns og úrskurðar dómsmálaráðuneytis vegna ágangsfjár.
- 22) Bréf frá Strandveiðifélagi Íslands, dags. 26. maí 2023, varðandi ósk um áskorun frá sveitarfélaginu vegna strandveiða.
- 23) Bréf frá starfsfólki Lýsudeildar Grunnskóla Snæfellsbæjar, dags. 31. maí 2023, varðandi ástand húsnæðis Lýsudeildar.
- 24) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 19. maí 2023, varðandi tilkynningu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Kjalar um verkföll.
- 25) Bréf frá starfsfólki leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 31. maí 2023, varðandi kjaramál.
- 26) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 31. maí 2023, varðandi verkfallsbrot á leikskólum Snæfellsbæjar.
- 27) Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 22. maí 2023, varðandi Betra – og grænna – Ísland.
- 28) Bréf frá leikskólastjórnendum Snæfellsbæjar, ódags., varðandi fjölda barna á leikskóla Snæfellsbæjar í dymbilvikunni og tillögur að fullri styttingu vinnuvikunnar.
- 29) Bréf frá bæjarritara, dags. 6. júní 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna matarinnkaupa í grunnskóla og leikskóla Snæfellsbæjar.
- 30) Tillaga að gjaldskrá leikskólagjalda í Snæfellsbæ, sem taka á gildi 1. ágúst 2023.
- 31) Fyrirspurnir frá J-listanum:
 - a) Hver er staðan á geymslusvæðinu fyrir gáma í Rífi?
 - b) Hver er staðan á líkhúsinu í Ólafsvík
 - c) Hver er staðan með stöðu slökkviliðsstjóra?
 - d) Er komin niðurstaða um það hvernig þakið á að vera á grunnskólanum á Hellissandi?
 - e) Útskýringar á verkfallsbrotum í leikskólanum?

- 32) Bréf frá bæjarstjóra, dags. 6. júní 2023, varðandi heimgreiðslur til foreldra.
- 33) Bréf frá bæjarstjóra, dags. 6. júní 2023, varðandi sorpmál í Snæfellsbæ.
- 34) Vinabýjarvitjan: heimsókn frá Vestmanna í Færeyjum á Ólafsvíkurdögum í sumar.
- 35) Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 36) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 6. júní 2023
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

339. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 16. maí 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:

- 1) **Erindi frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar, dags. 13. apríl 2023, varðandi árlegt umhverfisverkefni.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra og bæjarritara að vera í samstarfi við Búnaðarfélagið um framkvæmd verkefnisins.
- 2) **Tilkynning um skipun Árneshrepps í umdæmisráð Landsbyggða, dags. 28. apríl 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Vinum Íslenskrar náttúru, dags. 4. maí 2023, varðandi skipulag skógræktar í landinu.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga, dags. 10. maí 2023, varðandi almennt eftirlit á árinu 2023.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Bréf frá oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps, dags. 11. maí 2023, varðandi áskorun vegna sauðfjárveikivarna.**
Bæjarráð tekur undir áhyggjur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 28. apríl 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn RR03 ehf. um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, F-Krá, að Klettsbúð 7 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn RR03 ehf., um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, F-Krá, að Klettsbúð 7 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 7) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 12. maí 2023, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Adventure Hotels ehf. um leyfi til reksturs gististaðar í flokki III, A-hótel, að Klettsbúð 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Adventure Hotels ehf., um leyfi til að reka gististað í flokki III, A-hótel, að Klettsbúð 9 á Hellissandi, Snæfellsbæ, að því tilskildu að slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 8) **Umsókn Trausta Leós Gunnarssonar, dags. 30. mars 2023, um að fá að halda köttinn Storm.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 9) **Umsóknir um hundahald:**
 - a) Emanúel Þórður Magnússon sækir um að fá að halda hundinn Ósku.
 - b) Kristín Kristinsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Emmu.
 - c) Paula Nerenberg Sveinsson sækir um að fá að halda hundinn Sofi.
 - d) Þórarinn S. Hilmarsson sækir um að fá að halda hundinn Kol.Ofangreindar umsóknir samþykktar samhljóða.


Handwritten initials and signatures in the bottom right corner, including "JS", "AK", and "AS".


- 10) Þakkarbréf frá Taflfélagi Snæfellsbæjar, dags. 12. maí 2023, vegna Minningarmóts um Ottó Árnason og Hrafn Jökulsson sem fram fór þann 6. maí s.l.
Bæjarráð þakkar Taflfélaginu og forsvarsmönnum þess fyrir frábært mót og ómetanlega kynningu á skákíþróttinni fyrir ungum sem öldnum í sveitarfélaginu og víðar.
- 11) Bréf frá Ferðamálastofu, dags. 3. maí 2023, varðandi höfnun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna „Sögu- og útivistarleiðar á Hellissandi“.
Lagt fram til kynningar.
- 12) Bréf frá Ferðamálastofu, dags. 3. maí 2023, varðandi höfnun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna „Arnarstapi – Bætt umhverfi og aðkoma við Bárð Snæfellsás, 2. verkáfangi“.
Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 11. maí 2023, varðandi tilkynningu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Kjalar sem starfa í sundlaugum og íþróttamannvirkjum hjá Snæfellsbæ um boðun verkfalls.
Lagt fram til kynningar.
- 14) Bréf frá Kili, stéttarfélagi, dags. 14. maí 2023, varðandi tilkynningu um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Kjalar sem starfa í leikskólum hjá Snæfellsbæ um boðun verkfalls.
Lagt fram til kynningar.
- 15) Minnispunktar bæjarstjóra.
- Bæjarstjóri ræddi fyrirhuguð verkföll starfsfólks í Kili, stéttarfélagi.
 - Bæjarstjóri ræddi möguleika í leikskólamálum eftir sumarfrí leikskólans. Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela Auði Kjartansdóttur að leiða starfshóp til að koma með tillögur sem lagðar verða fyrir bæjarstjórn þann 8. júní n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:46


Jónína Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 171171. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 1. júní 2023
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa.

Hildigunnur Haraldsdóttir sat fundinn með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá:

1. Lýsuhóll 136227 - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir vindknúinni einkarafstöð - 2305040

Agnar Gestsson, landeigandi að Lýsuhóli, hyggst setja upp smávirðjun til þess að lækka raforkukostnað bæjarins og sækir því um framkvæmdarleyfi fyrir vindknúinni einkarafstöð. Rafstöðin yrði H-30 kW á 16 metra háum turni með væng í hæstu stöðu í 24,3 metra hæð.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu að svo stöddu þar sem að í gildandi aðalskipulagi er stefna sveitarfélagsins að reisa vindmyllugarða frekar en stakar vindmyllur.

Hafnað

2. Arnarstapi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi - 2305039

Ágúst Haraldsson sækir fyrir hönd Fiskvinnslunnar Hátinds ehf. um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á Arnarstapa á meðan á strandveiðum stendur.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og felur tæknideild að finna staðsetningu í samráði við umsækjanda.

Samþykkt

3. Klettsbúð 9 - Fyrirspurn vegna fyrirhugaðrar stækkun hótels - 2305041

Þingvangur sendir inn tillögu að breytingu og stækkun á hóteli sem stendur við Klettsbúð 9 en til stendur að stækka hótelið um 84 herbergi. Hótelið mun stækka til norðurs með þriggja hæða byggingu sem stæði á óbyggðri lóð milli Klettsbúðar 7 og 9.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en ganga þurfi frá deiliskipulagi. Nefndin óskar eftir því að fá frekari kynningu á verkefninu til dæmis varðandi efnisval, úllit og útsýni.

Handwritten signatures and initials:
A.A. 1 717
M.K.
M.P.
M.E.
H.E.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Hallveig Hörn óskar eftir að bókað sé að hún sitji hjá.

Jákvætt

4. Gíslabær 136277 - Umsókn um leyfi fyrir niðurrifi á fiskverkunarhúsi - 2304037

Ásgeir Ingi Einarsson sækir fyrir hönd S356 ehf. um leyfi til að rífa niður fiskverkunarhús sem stendur á landi Gíslabæjar. Húsið er úr timbri og stendur illa en nágrönnum getur stafað hættu af því.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um veð í húsinu. Í deiliskipulagi er heimild til enduruppbyggingar.

Samþykkt

5. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Hildigunnur Haraldsdóttir skipulagsfulltrúi fór yfir verkefni sem Umhverfisstofnun hefur fengið fjármagn til þess að láta deiliskipuleggja og ósk þeirra um að vinna deiliskipulögin í samráði við Snæfellsbæ.

- Byggingarfulltrúi kynnti uppfærðar teikningar fyrir Hábrekku 11, Ólafsvík.

- Mögulegar staðsetningar fyrir minni íbúðarhús á Hellissandi ræddar. Einnig var rætt framtíðarbyggingarland fyrir lítil frístundarhús.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

*Fllugi Þenn Tannar
Magni Eirík
Hallvíg Þór
Krisþora Hermannsd.*

*Falldís Þrósson
A+ A+*

Matthias Póll Gunnarsson

143. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn miðvikudaginn 17.05. 2023, kl. 17.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,
Rúnar Gunnarsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 09.12. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 142. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 448 dags. 16.12. 2022, nr. 449 dags. 20.01., nr. 450 dags. 17.02., nr. 451 dags. 24.03. og nr. 452 dags. 19.04. 2023. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Vegagerðinni dags. 05.02. 2023, varðandi fjárveitingu til hafnarframkvæmda í höfnum Snæfellsbæjar árið 2023, en gert er ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda við verkið "Ólafsvík – stækkun og hækkun harðviðarbryggju 320 m²." Um er að ræða harðviðarbryggju við gafli stálþils við Norðurtanga í Ólafsvík. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við efni bréfsins.
4. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður
Heiðar Magnússon
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir
Rúnar Gunnarsson
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Fræðslunefnd

08.05.23 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar frá kl. 17:30-20:00

Fundinn sátu: Sigrún Erla, formaður, Kolbrún Ósk fyrir Margrét Sif, ritari, Dagbjört, Jón Kristinn og Patryk

Fundargerð ritaði: Kolbrún Ósk Pálsdóttir

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar

Valentína mætti og fór yfir stafið

- Í Maí fóru fram vorpróf
- Í tónlistarskóla Snæfellsbæjar eru 75 nemendur, 13 nemendur á Lýsuhól, 50 nemendur á Hellissandi og Ólafsvík, 12 fullorðnir.
- vortónleikar,
10 maí vortónleikar fyrir fullorðna nemendur í Frystiklefanum.
15 og 16 maí í Klif
24 maí í Lýsuhólsskóla.
- Innritun í tónlistarskólann verður í lok ágúst.

2. Leikskólinn

Hermína leikskólustjóri, Linda aðstoðarleikskólustjóri og Þórey Úlfarsdóttir leiðbeinandi mættu.

- Lagt fram leikskóladagatal 2022-2023
- Í vor verður opið hús og útskrift á Krílakoti í maí alls 17 nemendur. Kríuból verður með opið hús en enginr nemendur eru í útskrifarhóp þar í ár.
- Verið er að auglýsa eftir starfsfólki, 5 hafa sagt upp stöfrum vegna flutnings, 2 starfsmenn eru í leyfi og orlofi
- Leikskólinn lokar í 5 vikur í sumar.
- Það er verið að vinna að málstefnu leikskólas í samstarfi við grunnskólann,
- Þann 1. janúar 2022 tóku gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, svokölluð farsældarlög. Meginmarkmið laganna er að veita snemmtæka íhlutun og að allir sem að barninu koma tali saman.. Leiksólin Snæfellsbæjar í samstarfi við Grunnskóla Snæfellsbæjar eru byrjuð á innleiðingu og þróun safsældarlaga sem eiga við í skkóla stofnunum snæfellsbæjar.
- Ný læsisstefna leikskóla Snæfellsbæjar er nú aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Í kjölfar nýrrar læsisstefnu var myndað læsisteymi til þess að sem vinna að innleiðingu aðgerða til eflingar læsis
- Það er verið að vinna að því að koma gervigrasi í stað gúmí mottnana sem eru á leikskóla lóðum á Hellissandi og Ólafsvík.
- Það var samþykkt af bæjarstjórn að breyta vistunar tímum á Kríubóli og Krílakoti til að koma á móti styttingu vinnuvikunar starfsfólks leikskólans. Breyting á vistunar tímum á Kríubóli og Krílakoti taka gildi eftir sumarfrí, þá verður boðið uppá vistun til kl. 14:00 á föstudögum.

- 3. GSNB
Hilmar, Lilja og Kristín Helga mættu fyrir hönd grunnskólans.
- Skólaslit 6.júní. 10.b. útskrifast kvöldið áður.
18 nemendur að útskrifast, 17 að koma nýir inn í haust.
- Skóladagatalið lagt fram.
- Það er verið að vinna að málstefnu grunnskólans í samstarfi við leikskólann
- Þann 1. janúar 2022 tóku gildi ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, svokölluð farsældarlög. Meginmarkmið laganna er að veita snemmtæka íhlutun og að allir sem að barninu koma tali saman..
- Grunnskóli Snæfellsbæjar í samstarfi við leikskóla Snæfellsbæjar eru byrjuð á innleiðingu og þróun safsældarlaga sem eiga við í skkóla stofnunum snæfellsbæjar.

Breytingar fyrir komandi skóla ár.

- Tekin hefur verið ákvörðun um vera með árshátíð annað hvert ár hér eftir og þema viku annaðhvert ár.
- Óbreytt fyrirkomulag verður á Lýsuhól
- 5 bekkur verður í Ólafsvík næsta vetur,
- Starfsmannamál standa vel, það hefur verið ráðin tómstundarfulltrúi sem kemur til með að vinna að samstarfi á milli félagsmiðstöðvar og miðstigs í grunnskólas.
- Einnig hefur verið ráðin íþróttarkennari, smíðakennari og þroskajálfi sem koma til með að hefja störf á nýju skóla ári.

Önnur mál sem rædd voru:

Innsend ábending.

Erindið snýr að börnunum í leikskólaselinu Lýsukoti og að þau væru að gleymast þegar að kemur að ýmsum þáttum sem eiga við öll börn á leikskólaaldri í Snæfellsbæ. Nefndin er meðvituð um að leikskólaselið er undir Grunnskóla Snæfellsbæjar en þá er það áhyggjuefni að þessi deild sé að gleymast, og þau börn sem eru þar fá ekki sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra í sveitarfélaginu.

Dæmi sem rædd voru sérstaklega:

- Í leikskóla Snæfellsbæjar fara fram skimanir í *hljóm og Efi* sem fara ekki fram á Lýsukoti.
- Frystiklefinn hefur heimsótt leikskóla Snæfellsbæjar og haldið leiklistarnámskeið í samstarfsverkefni Snæfellsbæjar og Frystiklefans undanfarin ár en börnin á Lýsukot hefur aldrei verið þátttakandi þar.
- Myndataka fer fram reglulega á leikskólum og grunnskólum snæfellsbæjar en börnin í Lýsukoti hafa ekki verið að fá slíka myndatöku.
- Samstarf hefur verið á milli leikskóla Snæfellsbæjar og heilsugæslu þar sem hjúkrunarfræðingur heimsækir leiksólan og tekur börnin í 4 ára skoðun með samþykki foreldra hverju sinni, þarna hefur Lýsukot gleymst, en það ber að nefna að slík skoðun er núna búin að eiga sér stað eftir ábendingu foreldris beint til heilsugæslunnar.
- Leikskólar Snæfellsbæjar hafa tekið inn ýmis verkefni sem ekki ná til barnanna sunnan heiðar, má þar nefna verkefnið Blær- vináttupjálfun.
- Hvergi á vef GSNB er talað um Lýsukot, hvorki umfjöllun um starfsemi né tekið til þess svo við sjáum í neinum áætlunum skólans.

Það er áhyggjuefni nefndar að þau börn sem eru í Lýsukoti séu ekki að njóta þess sama og börn í leikskólum Snæfellsbæjar.

Það er á dagskrá að heimsækja GSNB- Lýsudeild í bryjun júní, líkt og hefur verið gert við og allar aðrar skóla stofnanir Snæfellsbæjar.

Önnur mál:

Nefndini hefur verið bent á að merkingar á mörgum stofunum, skólum, leikskólum og fleira á vegum Snæfellsbæjar sé mjög ábótarvant.

Það mætti samræma merkingar með það í huga að nýbúar og gestir eigi auðveldara með að finna bæði stofnanir, skóla og þessháttar.

Og hvertur nefndin til þess að Bæjarstjórn og Umhverfis og skipurlags nefnd skoði þetta.

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Þriðjudagur 9. maí kl 14:00. Röstin, Hellissandi.

Fundinn sitja: Hafdís Rán Brynjarsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Marsibil Katrín Guðmundsdóttir, Kristín Arnfjörð og Ingunn Ýr Angantýsdóttir.

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

1. Örstyrkir: umsóknir afgreiddar

- a. Hollvinafélag Gamla Pakkússins: Finna tíma til að funda með hollvinafélaginu og fá nánari verklýsingu.
- b. Listasýning á Arnarstapa – Anne Herzog: Samþykkt.

2. Ólafsvíkuvaka

- a. Óskað er eftir 250.000 kr styrk fyrir sýningunni Lára og Ljónsi: Samþykkt að veita 200.000 kr í styrk, sama upphæð hefur verið veitt til bæjarhátíða síðustu ár.

3. Bókasafnið

- a. Helga og Ingunn Ýr fulltrúar menningarnefndar í áframhaldandi umræðu um framtíð bókasafnsins.
- b. Finna tíma til að funda með Auði og Margréti Sif.

4. Jólatónleikar

- a. Umræður v/ tónleikahald

14:50 - Fundi slitið.

Haust 2022
Ungmennaráð

Fundur 08.08.2022

Mæting: Eyþór Júlíus, Gunnlaugur, Hanna, Stefanía og Kristfríður

Fundur mánudaginn 08. Ágúst 2022 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar.

Fundurinn hófst kl.19:30 og stóð til 20:10. Vantaði Júlíu á fundinn.

Umræðuefni:

- Regnbogaball í lok ágúst/ september
 - Safna styrkjum
 - Athuga með Félagsheimilið Röst og ef Snæfellsbær vill styrkja með húsnæðinu
 - Fyrir allt Snæfellsnesið 05-08 mdl' 14-17 ára
 - Athuga með skemmtikraft
- Funda með fræðslunefnd
- Lífsleikni
- Próf í íþróttum að hafa lotur
 - Dreift yfir árið prófin
- Kynfræðsla gert að fagi og er kennt í lengri tíma

Ungmennaráð Snæfellsbæjar

Mánudagur 07. nóvember 2022 kl: 18:30

Mættir voru: Stefanía Klara, Gunnlaugur, Hanna Imgront og Júlía Dröfn

Kristfríður Rós Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi var einni viðstödd.

Fundað var um eftirfarandi málefni.

Fræðslunefnd: Fá fund fyrir áramót með fræðslunefnd og ræða kynfræðslu, kynjafræði og próf í íþróttum.

Fjármögnun: Hvað getum við gert? Jólalabingó á Dvalarheimilinu og taka þátt í jólaþorpinu.

Tölvukennsla fyrir Eldriborgara: Hafa tölvu og síma kennslu fyrir eldriborgara og setja upp fyrirlestur.

Rætt var barnvænt samfélag og þátttöku ungmennaráðs þegar kemur að því. Rætt verður við bæjastjórn um verkefnið á bæjarstjórnarfundi 10.11

Fundur slitin 19:05

Stefanía Klara ritari

Fundur 20.12.2023

Á fundinum voru Hanna Imngront, Gunnlaugur, Stefanía og Eyþór, ásamt Kristfríði Rós íþrótta- og æskulýðsfulltrúa.

- Fundur settur kl.18:30
- Námskeið í mars fyrir ungmennaskipti (fyrir fullorðna)
- Hópur frá Íslandi sem hittir annan hóp eða aðrir koma hingað.
- Erasmus vefsíða - torgið
- Byrja á einu landi.
- Eurotesk.
- Búa til spurningar um hvað við viljum gera.
- Skoða hvert við viljum fara 3x lönd.
- Finna topic og ákveða hóp.
- Þátttöku Verkefni er auðveldara.
- Færa góð rök fyrir hugmyndum okkar.
- Á fundinum fórum við á fund með Óla og Miriam frá Erasmus.
- Fundi slitið kl.19:45

Fundur 16.01.2023

Á fundinum voru Hanna Imngront, Gunnlaugur, Stefanía og Eyþór, ásamt Kristfríði Rós íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.

- Fundur settur kl.18:30
- Á þessum fundi skipulögðum við þáttökunarverkefni og byrjuðum að skrifa skýrslu fyrir það og einnig fyrir ungmennaskipti.
- Fundi slitið kl.19:30

Fundur 01.02.2023

Á fundinum voru Hanna Imngront, Gunnlaugur, Stefanía og Eypór, ásamt Kristfríði Rós íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

- Fundur settur kl.18:30
- Fórum yfir spurningar o.fl. vegan ungmennaskiptisverkefni á vegum ERASMUS
- Svöruðum á íslensku og ensku
- Einnig forum við yfir páskabingóið sem verður í mars og þá styrki sem við þurfum að sækja um
- Fundi slitið kl.20:30

Fundur 24.04.2023

Á fundinum voru Hanna Imngront, Gunnlaugur, Stefanía og Eyþór, ásamt Kristfríðir Rós íþróttá- og æskulýðsfulltrúa.

- Fundur settur kl.17:30
- Við ræddum um loka skil á Erasmus verkefnum bæði ungmennaskipti og þáttökunarverkefni.
- Það er verið að skipuleggja silent disco, þarf að fá styrki frá fyrirtækjum.
- Við ræddum um að búa til sjóð fyrir Erasmus ferðina, þar gætum við fengið styrk frá bænum.
- Kökubasar
- Ferð til Reykjavíkur, fara í laser tag, keilu, shake and pizza.
- Fjáraflanir fyrir Erasmus og reykjavíkurferð
- Kökubasar
- Kryddhúsið
- Fundi slitið kl.18:30

25.05.2023

Heilsueflandi samfélag

Fyrsti fundur

Mættir eru: Alma Björk Clausen, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Linda Rut Svansdóttir og Viktoría Sif Viðarsdóttir

Rætt um áform stýrihópsins

Stofna stefnuskrá nefndarinnar. Í kjölfar er áætlað að funda með velferðanefnd og fulltrúum úr samfélaginu.

Fyrirbyggjandi aðgerðir varðandi geðheilbrigði

Fræðsla um hvetjandi þætti og atriði sem geta haft neikvæð áhrif á geðheilsu.

Hlutverk nefndarinnar

Halda utan um viðburði og félagsstarfsemi sem er í boði og stuðla að heilbrigði. Veita upplýsingar um slíkt á vefsíðu bæjarins með upplýsingafulltrúa.

Hugmyndum velt upp um áframhaldið

Fundargerð – Spretthópur um úrræði fyrir leikskólabörn vegna styttingu vinnuvikunnar

30. maí 2023

Fundur settur kl 17:30.

Mættir voru: Auður Kjartansdóttir, Sigrún Erla Sveinsdóttir, Guðrún Eva Bjarkadóttir, Jóhanna Jóhannesdóttir, Viktoría Kr Guðbjartsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir.

Fundaritari: Auður Kjartansdóttir

Spretthópurinn sem var falið að fjalla um úrræði fyrir leikskólabörn vegna breytinga á opnunartíma leikskólans sem eru yfirvofandi vegna styttingar vinnuvikunnar fundaði 30. maí sl.

Á fundinum var farið um víðan völl varðandi leikskólamálg og ýmsar hugmyndir viðraðar varðandi hvaða möguleikar væru fyrir hendi til að koma til móts við foreldra vegna styttingu á opnunartíma leikskólans á föstudögum eftir sumarfrí.

Sú hugmynd sem hópnum fannst henta best, af þeim hugmyndum sem ræddar voru, er að það verði starfandi **leikskólabær** eftir leikskóla á föstudögum. Um sé að ræða dagvistun frá 14-16/16:15 – ekki leikskólastarf.

Rætt var um að athuga hvort einhverjir fjölbrautarskólanemar eða ungt fólk hefði til dæmis áhuga á að starfa í hlutastarfi. Þá var rætt að hægt væri að kanna hvort nemendur hefðu möguleika á að fá einingar einnig fyrir starfið.

Gott væri ef einn starfsmaður frá leikskóla verði frá lokun leikskóla þar til leikskólabær lokar og væri þá t.d. hægt að athuga hvort starfsmenn leikskólans geti skipst á, eða kanna hvort einhver starfsmaður leikskólans hefur áhuga á hafa yfirumsjón með leikskólabæ í aukastarfi.

Einnig er hægt að skoða hvort möguleiki sé fyrir hendi að samnýta starfsemi skólabæjar og leikskólabæjar á Hellissandi.

Verði af þessu úrræði hvetur hópurinn bæjarstjórn til að gæta þess að það verði foreldrum ekki mikil kostnaðaraukning, að vera með barn á leikskóla og í leikskólabæ miðað við kostnað á leikskóla fyrir breytingu á opnunartíma.

Aðrar hugmyndir sem komu fram á fundinum eru meðal annars:

- Setja á stofn lokunarvaktir – dæmi eru um að fjölbrautaskólanemar vinni í hlutastarfi á leikskólum á svokölluðum lokunarvöktum, t.d. frá 14/15-16:15.
- Hvetja ungmennafélagið til að vera með byrjendabolta eða íþróttaskóla á föstudögum eftir kl. 14.
- Setja í gjaldskrána umbanir/afslátt til þeirra sem nýta leikskóla einungis 6 klst á dag.
- Finna hvata fyrir foreldra til að láta tímanlega vita ef börnin eru að fara í frí – gæti auðveldað skipulagningu á þeim tímum sem starfsmenn eiga eftir í styttingu.

Fundi slitið 19:50.



Byggðasamlag um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Aðalfundur

Byggðasamlags um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga fyrir rekstursárið 2022
haldinn í fundarsal Ráðhúss Snæfellsbæjar þriðjudaginn 2. maí, 2023, kl. 15.00

Mættir frá:

Grundarfjarðarbæ: Björg Ágústsdóttir, bærarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Snæfellsbæ: Kristinn Jónasson, bærarstjóri Snæfellsbæjar

Sveitarfélaginu Stykkishólmsbæ: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bærarstjórnar

Eyja- og Miklaholtshreppi: Sigurbjörg Ottesen, oddviti og nýfæddur sonur hennar

FSS: Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Lilja Ólafardóttir, umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS, undir 3. dagskrárlíð

- 1. Kosning fundarstjóra- og ritara** *afgreiðsla*
Fundarstjóri var kosinn Kristinn Jónasson, ritari Sveinn Þór Elinbergsson.
- 2. Skýrsla stjórnar 2021 - 2022** *kynning - umræða*
Forstöðumaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2021 - 2022.
Stjórnin hélt 4 formlega fundi á starfsárinu. Meginviðfangsefni stjórnar voru umfjöllun og afgreiðsla fjárhagsáætlunar samhliða endurmati rekstursáætlunar þjónustuíbúðakjarnans; fjármögnun og kostnaðaráætlun nýs húsnæðis fyrir starfsemi Smiðjunnar að Ólafsbraut 55 sem og ákvörðunartaka um útleigu fyrrum húsnæðis Smiðjunnar að Ólafsbraut 19, reksturs- og þjónustumálefni, umfjöllun og afgreiðsla ársreiknings 2022.
- 3. Afgreiðsla reikninga: Ársreikningur FSS 2022** *kynning afgreiðsla*
Ársreikningur rekstursársins 2020 lagður fram, yfirfarinn og samþykktur á 130. fundi stjórnar þann 27. mars 2023.
Ársreikningur kynntur, ræddur og samþykktur samhljóða.
- 4. Kosning stjórnar starfsárið 2023 - 2024** *afgreiðsla*
Tilnefningar til stjórnarkjörs voru eftirfarandi:
Frá Grundarfjarðarbæ: aðalmaður, Björg Ágústsdóttir, varamaður *Jósef Kjartansson*
Frá Snæfellsbæ: aðalmaður, Kristinn Jónasson, varamaður *Björn Hilmarsson*
Frá Stykkishólmsbæ: aðalmaður Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, varamaður *Jakob Björgvin Jakobsson*

Aðrar tilnefningar komu ekki fram og tilnefningar þessar samþykktar samhljóða.
- 5. Önnur mál** *kynning – umræða – afgreiðsla*
 - a) Forstöðumaður greindi frá:
 - endurskoðun og uppfærslu samþykktar FSS, sbr. samþykkt síðasta aðalfundar.
 - Nýtt og stærra húsnæði Smiðjunnar að Ólafsbraut 55 var tekið í notkun í morgun.
 - Fyrra húsnæði Smiðjunnar að Ólafsbraut 19 hefur verið auglýst til leigu
 - Mögulegu samstarfi við Borgarbyggðs og jafnvel fleiri sveitarfélög um rekstur sameiginlegrar barnaverndarþjónust upp úr næstu áramótum
 - Stöðu starfsmannamála en FSS hefur þegar auglýst nokkur störf laus til umsóknar

- b) *Hrafnhildur greindi frá þátttöku Fjölbautaskóla Snæfellinga, Svæðisgarðsins Snæfellsness og Alta, ráðgjafafyrirtækis í Erasmusverkefninu „Cultural Innovation through Ecopreneurship“ ásamt menntastofnunum í Noregi og Englandi. Þar er fjallað um leiðir til að bæta líðan og sjálfsmynd viðkvæmra hópa ungs fólks með styrkingu félagsfærni- og virkni til aukinnar aðlögunar að samfélaginu.*
- c) *Björg ræddi um hver væri staða og líðan erlendra íbúa sveitarfélaganna og hvort framkvæmdar hafi verið kannanir hérlendis á högum þessara hópa.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.55

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

Fundargerð aðalfundar Jeratúns ehf.

Aðalfundur Jeratúns ehf., kt. 501203-2030, haldinn miðvikudaginn 24. maí 2022, kl. 9:15.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur 2022 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Tekin ákvörðun um hagnað eða tap félagsins.
6. Tekin ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Formaður stjórnar, Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson var kjörinn fundarstjóri og Sigurlaug R. Sævarsdóttir fundarritari.

Boðun fundarins og mæting

Fundarstjóri gerði grein fyrir 11. og 12. gr. í samþykktum félagsins um fundarboðun og lögmæti hluthafafunda. Til fundarins var boðað í samræmi við 11. gr. samþykpta félagsins, sbr. og 63. gr. laga nr. 134/1994, um einkahlutafélög. Á fundinn voru mættir umboðsmenn allra hluthafa félagsins sem fara samtals 100% af hlutafé félagsins og atkvæðisrétt til samræmis við það. Að þessu gættu lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru.

Eftirfarandi voru mætt á fundinn; Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, og Björg Ágústsdóttir. Einnig var mætt Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Rekstur og hagur félagsins á liðnu starfsári

Jakob Björgvin Jakobsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu ári. Það er sérstaklega ánægjulegt að ekki þurfi að auka hlutafé félagsins á árinu, fjórða árið í röð frá stofnun félagsins.

2. Ársreikningur 2022 lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2022 lagður fram til staðfestingar.

Fundarstjóri lagði ársreikning 2022 undir atkvæði hluthafa.

Ársreikningur 2022 samþykktur samhljóða.

3. Kosning stjórnar

Tillaga lögð fram um að stjórn félagsins skipi eftirfarandi aðilar:

- Jakob Björgvin Jakobsson, formaður
- Kristinn Jónasson
- Björg Ágústsdóttir

Varastjórn:

- Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
- Björn Hilmarsson
- Jósef Ó. Kjartansson.

Samþykkt samhljóða.



4. **Kosning endurskoðanda**
Lagt til að Deloitte ehf. verði endurkjörð sem endurskoðunarfyrirtæki félagsins.


Samþykkt samhljóða.
5. **Ráðstöfun rekstrarhagnaðar eða taps félagsins**
Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.


Samþykkt samhljóða.
6. **Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á árinu**
Lagt er til að áfram verði engin þóknun greidd til stjórnarmanna vegna starfa sinna. Endurskoðendur fá greitt skv. reikningi.

Samþykkt samhljóða.
7. **Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin**
Umræður um frágang á lóð Fjölbautaskóla Snæfellinga. Vísað í eldri samþykktir stjórnar um að ljúka frágangi lóðarinnar í viðráðanlegum áföngum. Einnig rætt um annað viðhald hússins. Heimsókn stjórnar í húsnæði FSN er fyrirhuguð í næstu viku og samtal við stjórnendur skólans.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:29


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson
fundarstjóri


Sigurlaug R. Sævarsdóttir
fundarritari

214. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. apríl 2023, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason, Arnar Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Engin forföll

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.30

1. Rannsókn á framandi tegundum í sjó á verndarsvæðinu

Breiðafjarðarnefnd hefur hafið undirbúningsvinnu vegna framkvæmdar á rannsókn á framandi tegundum í höfnum Breiðafjarðar. Náttúrustofa Suðvesturlands hefur sérhæft sig í rannsóknum og vöktun á framandi tegundum í sjó og var fengin til að gera tillögu að rannsóknaráætlun, sem var kynnt nefndarfólki á fundinum.

Afgreiðsla:

Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, mætti á Teams fund Breiðafjarðarnefndar og kynnti fyrir hópnum stöðu framandi tegunda í sjó, bæði á heimsvísu og á Íslandi. Sindri kynnti svo drög að tillögu um rannsókn í höfnum Breiðafjarðar fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Breiðafjarðarnefnd gerði nokkrar athugasemdir við rannsóknartillögu Náttúrustofu Suðvesturlands og mun senda þær til Sindra áður en endanleg ákvörðun um framkvæmd rannsóknar verður tekin. Málið verður tekið upp á næsta fundi.

2. Fundargerð 213. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 213. fundar nefndarinnar frá 14. mars 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

3. Drög að stjórnunar- og verndaráætlun friðlands í Flatey

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar frá Umhverfisstofnun drög að stjórnunar- og verndaráætlun friðlands í Flatey.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd skoðaði drögin á fundi og mun starfsmaður nefndarinnar undirbúa drög að umsögn í samræmi við athugasemdir og ábendingar sem ræddar voru. Nefndin mun skoða og afgreiða drögin á næsta fundi. Skilafrestur umsagna til Umhverfisstofnunar er 29. maí.

4. Fundur með Landvernd og Fuglavernd vegna tilmæla fastanefndar Bernarsamningsins

Landvernd og Fuglavernd hafa óskað eftir upplýsingafundi með Breiðafjarðarnefnd, Vegagerðinni og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til að ræða tilmæli fastanefndar Bernarsamningsins nr. 218 og hvernig eigi að bregðast við tilmælunum.

Afgreiðsla:

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur kallað til fundar þann 2. maí.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun senda fundarboð til nefndarfólks.

5. Samráð við Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyjar vegna skipaheimsókna AECO í Flatey

Umhverfisstofnun sendi Breiðafjarðarnefnd erindi AECO um heimsóknir leiðangursskipa í Flatey í febrúar 2023 í tengslum við vinnu Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey.

Breiðafjarðarnefnd ræddi erindi AECO á síðasta fundi. Þar var ákveðið að leita frekara samráðs við Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyjar og sendi starfsmaður nefndarinnar fyrirspurn til þeirra í mars.

Afgreiðsla:

Samráð við Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyjar stendur enn yfir og mun Breiðafjarðarnefnd kalla til Teams fundar með þeim til að ræða komu leiðangursskipa í eyjar Breiðafjarðar og möguleg áhrif slíkra heimsókna á verndarsvæðið.

6. Næsti staðfundur Breiðafjarðarnefndar og vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2023

Fyrirhugað var að halda þennan fund Breiðafjarðarnefndar sem staðfund en vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna þurfti að færa fundinn á Teams. Fyrir liggur að skipuleggja næsta staðfund.

Breiðafjarðarnefnd undirbýr auk þess vettvangsferð sína 2023.

Afgreiðsla:

Ákveðið var að fresta næsta staðfundi og halda hann í tengslum við vettvangsferð nefndarinnar í ágúst. Fram að þeim tíma verða fundir haldnir á Teams.

Breiðafjarðarnefnd ræddi skipulag vettvangsferðar og mun starfsmaður nefndarinnar hefja undirbúning samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundinum.

7. Fjármál

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2023 voru skoðuð á fundinum.

Afgreiðsla:

Lögð voru fram gögn um fjárheimild ársins og núverandi stöðu fjármála nefndarinnar.



Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar mun á næsta fundi leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins miðað við nýjustu upplýsingar.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður fjarfundur þann 15. maí, kl. 10.30 á Teams. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.05.

Fullgild rafraen undirskrift

ÞORSTEINN NARFASON

Kennitala: 230366 9069
2023-05-08 17:28:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

TRAUСТИ GYLFASON

Kennitala: 300964 4949
2023-05-08 21:19:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572 5979
2023-05-08 17:30:20 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AUÐUR KJARTANSDÓTTIR

Kennitala: 230891 2309
2023-05-09 13:47:03 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SIGRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Kennitala: 220465 5009
2023-05-08 18:06:58 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON

Kennitala: 240165 3179
2023-05-22 11:07:49 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SIGURHANNA ÁGÚSTA EINARSDÓTTIR

Kennitala: 301188 3669
2023-05-08 19:23:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

BIRKIR SNÆR GUÐLAUGSSON

Kennitala: 261087 3599
2023-05-22 11:41:57 GMT
Ástæða: Undirskrift



**Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands**

181. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams mánudaginn 8. maí 2023 kl. 16:00-18.00.

Mættir: Auður Kjartansdóttir, Birkir Snær Guðlaugsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurhanna Ágústa Einarsdóttir, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Trausti Gylfason.

Dagskrá

1. Fundur um fráveitumál
Drög að dagskrá fyrir fund um fráveitumál sem fyrirhugað er að halda þann 25. maí nk. með sveitarfélögum og tengdum aðilum voru rædd.
2. Skipun í vatnasvæðanefnd – erindi frá Umhverfisstofnun
Lagt var fram erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 4. apríl 2023 um skipun Þorsteins Narfasonar og Árna Gunnarssonar í vatnasvæðanefnd 1.
3. Umsagnir til sýslumanns

Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 3.1. Umsókn frá Antoni Andra Guðmundssyni f.h. Himra ehf um rekstrarleyfi til gistingar í flokki II – íbúð að Traðarholti í Kjós. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 10. Jákvæð umsögn send 31. mars 2023.
- 3.2. Umsókn frá Svanhildi Björk Svansdóttur f.h. Oddaholts ehf. um rekstrarleyfi til gistingar, minna gistiheimili að Álfartungu 2 Borgarbyggð. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 10 manns. Jákvæð umsókn send 23. mars 2023.
- 3.3. Umsókn frá Karen Rós Sigurðardóttur f.h. Sveitakaffi ehf. Eyjum II í Kjós um rekstrarleyfi fyrir Veitingahús í flokki II. Hámarksfjöldi gesta skv. umsókn er 49. Jákvæð umsögn send 30. mars 2023.

Lagt fram.

Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 3.4. Tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga á Jörvagleði í Dalabúð (matarveisla, dansleikur, leiksýning) 21. apríl til 23. apríl 2023. Umsækjandi er Jóhanna Mara Sigmundsdóttir. f.h. Dalabyggðar. Jákvæð umsögn send 18. apríl 2023.

- 3.5 Tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga á árs hátíð starfsmanna Borgarbyggðar í Reiðhöllinni í Borgarnesi 31. mars 2023. Umsækjandi er sveitarstjóri, f.h. Borgarbyggðar. Jákvæð umsögn send 28. mars 2023.

Lagt fram.

4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

Kjósarhreppur

- 4.1. Umsögn um breytingu á aðal- og deiliskipulagi frístundabyggðar í Hvammi, Hvammsvík. Umsögn veitt 25. apríl 2023.
- 4.2. Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í landi Hjalla. Umsögn veitt 3. apríl 2023.

Hvalfjarðarsveit

- 4.3. Umsögn um breytt deiliskipulag fyrir Vestri-Leirargarða. Umsögn veitt 30. mars 2023.

Akranes

- 4.4. Umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags iðnaðarsvæðis í Höfðaseli. Umsögn veitt 26. apríl 2023.
- 4.5. Umsögn um skipulagslýsingu vegna breytts deiliskipulags fyrir Grjótkelduflóa. Umsögn veitt 26. apríl 2023.
- 4.6. Umsögn um skipulagslýsingu fyrir breytt aðalskipulag og deiliskipulag í Garðaflóa. Umsögn veitt 14. apríl 2023.

Snæfellsbær.

- 4.7. Umsögn um breytingar á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 vegna Hellissands, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Dritvíkurvegur og Djúpalónssandi. Umsögn veitt 15. mars 2023.
- 4.8. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hellissand – Krossavíkurböðin. Umsögn veitt 15. mars 2023.
- 4.9. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli; Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur. Umsögn veitt 15. mars 2023.

Borgarbyggð

- 4.10. Umsögn um breytingar á Aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna frístundabyggðar í landi Hraunsnefs. Umsögn veitt 22. mars 2023.
- 4.11. Umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags fyrir skóla- og íþróttamannvirki á Kleppjárnsreykjum. Umsögn veitt 16. mars 2023.

Skipulagsstofnun

- 4.12. Umsögn um matskyldu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Steinadalsvegi í Gilsfirði. Umsögn veitt 30. mars 2023.

Lagt fram.

5. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

- 5.1. Grundarfjarðarhöfn sækir um nýtt starfsleyfi fyrir sölu á neysluvatni í skip í Grundarfjarðarhöfn. Leyfið var gefið út 2. maí 2023 og gildistími er ótímabundinn.
- 5.2. Face Snyrti- og fótaaðgerðarstofa Stillholt 16-18 á Akranesi sækir um starfsleyfi fyrir fótaaðgerðarstofu og snyrtistofu. Leyfi gefið út 21. apríl 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.3. La Brújería ehf Grundargötu 35 í Grundarfirði sækir um nýtt starfsleyfi fyrir litla snyrtivöruframleiðslu. Leyfið var gefið út 18. apríl 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.4. Hafnarskógur ehf sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vatnsveitu vegna frístundabyggðar í landi Hafnar 2 í Hvalfjarðarsveit. Leyfið var gefið út 14. apríl 2023 og er gildistími ótímabundinn.
- 5.5. Sævarður slf. Grundargötu 55 í Grundarfirði sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili. Leyfið var gefið út 11. apríl og gildir í 12 ár.
- 5.6. Grettisstillur ehf Veiðihúsinu Hítará – Lundur- sækir um leyfi fyrir starfsemi veiðihúss, minna gistiheimili og sölu á tilbúnum mat. Leyfið var gefið út 11. apríl 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.7. Himri ehf Traðarholti í Kjós sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili og vatnsveitu til einkanota. Leyfið var gefið út 3. apríl 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.8. Akraneskaupsstaður sækir um nýtt leyfi fyrir leikskólann Garðaseli, mötuneyti, leikskóli og opin leiksvæði. Leyfið var gefið út 30. mars 2023 og gildir í 12 ár.
- 5.9. Sveitakaffi ehf. Eyjum II Kjós, sækir um starfsleyfi fyrir matsölustað. Starfsleyfið var gefið út 29. mars 2023 og er gildistími ótímabundinn.
- 5.10. Oddaholt ehf. sækir um starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Álftartungu 2 í Borgarbyggð. Starfsleyfið var gefið út 23. mars 2023 og gildir í 4 ár.
- 5.11. Staldrið ehf. sækir um starfsleyfi fyrir matsöluvagn staðsett í Víðigerði við Deildartungu. Starfsleyfið var gefið út 23. mars 2023 og gildistími er ótímabundið.

Lagt fram.

- 5.12. Starfsleyfi fyrir Skotfélag Akranes. tillaga lögð fram um framlengingu á gildandi leyfi til 1. júlí 2023 meðan unnið er að nýju leyfi.

Samþykkt.

6. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir
 - 6.1. Örn Eyfjörð Arnarsson. Staðfesting á skráningu fyrir meindýravörnum - Laxeyri Borgarbyggð. Auðkennisnúmer skráningar: 341081.
 - 6.2. Löður ehf. Staðfesting á skráningu fyrir bón- og bílaþvottastöð- Innnesvegi 1, Akranesi. Auðkennisnúmer skráningar: 341141.
 - 6.3. Þróttur ehf. Staðfesting á skráningu fyrir – flutningi úrgangs og niðurrifi mannvirkja-vegna asbestslagna í landi Hafnar Hvalfjarðarsveit. Auðkennisnúmer skráningar: 339627.

- 6.4. Útræði ehf. Staðfesting á skráningu fyrir -flutningi úrgangs- vegna niðurrifs á mannvirki á Þingvöllum Helgafellssveit. Auðkennisnúmer skráningar: 337047.

Lagt fram.

7. Tóbakssöluleyfi

- 7.1 Drop Inn ehf. sækir um endurnýjað leyfi fyrir tóbakssölu á veitingastaðnum Hverinn Restaurant Kleppjárnsreykjum. Leyfið gildir frá 17. apríl 2023 í 4 ár.
- 7.2 Sveitakaffi ehf. sækir um nýtt tóbakssöluleyfi á Kaffi Kjós. Leyfið gildir frá 29. mars 2023 í 4 ár.

Lagt fram.

8. Kaup á rafbíl

Framkvæmdastjóri upplýsti að keypt hefur verið ný rafmagnsbifreið í kjölfar samþykkis stjórnar vegna kaupanna skv. tölvupóstsamskiptum milli funda. Bifreiðin hefur verið tekin í notkun.

9. Starfsmannamál

Upplýst að auglýst hefur verið eftir nýjum heilbrigðisfulltrúa, umsóknarfrestur er til 8. maí 2023.

Fundi var slitið kl. 17.20

Fræðslufundur um fráveitumál á Vesturlandi haldinn

fimmtudag 25. maí 2023 að Hótel Stykkishólmi

- 10.00 - 10.15 Skráning og kaffi
- 10.15 - 10.20 **Setning fundar.**
Auður Kjartansdóttir, varaformaður heilbrigðisnefndar.
- 10.20 – 10.30 **Ávarp ráðherra**
Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis, orku og loftslagsráðherra.
- 10.30 - 10.55 **Fráveitukerfi byggða út um land – möguleg draumaframtíð og framtíðardraumar**
Hlökkver Stefán Þorgeirsson, sérfræðingur fráveitu. OR vatns og fráveitur.
- 10.55 - 11.20 **Staða skólmála á Íslandi**
Hólmfríður Þorsteinsdóttir sérfræðingur Umhverfisstofnun.
- 11-20 - 11.30 **Styrkur og útbreiðsla skólps við þéttbýlisstaði á Snæfellsnesi**
Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands
- 11.30 - 11.40 **Umhverfivottuð samfélög og fráveitumál**
Guðrún Magnea Magnúsdóttir, verkefnisstjóri Náttúrustofu Vesturlands
- 11.40 - 12.00 **Umræður**
- 12.00 - 13.00 Matur
- 13.00 - 13.20 **Blágrænar ofanvatnslausnir í Grundarfirði - fráveitan upp á yfirborðið**
Björg Ágústsdóttir, bæjastjóri í Grundarfirði.
- 13.20 - 13.40 **Fráveitumál í Stykkishólmi - áskoranir og tækifæri.**
Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri í Stykkishólmi.
- 14.00 - 14.20 **Búðardalur, hreinsun og útrás – fjárfesting**
Kristján Ingi Arnarsson, umsjónarmaður fráveitna Dalabyggð.
- 14.20 - 14.40 **Sóknarfæri í fráveitumálum á Vesturlandi**
Þorsteinn Narfason, framkvæmastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.
- 14.40 - 15.00 Umræður og Kaffi

Trausti Gylfason, stjórnarmaður í Heilbrigðisnefnd Vesturlands mun stýra fundi.

Heilbrigðisnefnd bíður ykkur að þiggja veitingar meðan á fundi stendur en óskað er eftir að þið skráið ykkur svo unnt sé að áætlað magn veitinga. Vinsamlega skráið ykkur [hér](#).

Að fundi lokun kl. 15 býður Stykkishólmsbær fundarmönnum í skoðunarferð um bæinn með leiðsögumanni og að þiggja léttar veitingar að því loknu.

AÐALFUNDARBOÐ

Hér með er boðað til aðalfundar Nývest ses. þriðjudaginn 6. júní kl. 13:00. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu SSV að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dagskrá fundarins:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar í samræmi við 6. gr.
3. Hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun tekin um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Kosnin sjö aðila í stjórn og eins til vara.
6. Kosning endurskoðanda fyrir félagið.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Gísli Gíslason

Formaður stjórnar Nývest ses.

Fundargerð 925. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 28. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir og Hildur Björnsdóttir tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varafulltrúi hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 921., 922., 923. og 924 fundar - 2301014SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 921., 922., 923. og 924. fundar stjórnar sambandsins frá 30. og 31. mars og 5. og 17. apríl 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lögð fram fundargerð 18. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 29. mars 2023. Einnig lögð fram vegna 2. liðar fundargerðarinnar samantekt um sameiginleg innkaup sveitarfélaga á Microsoft hugbúnaðarleyfum - Uppgjör og lærdómur, dags. 28. mars 2023, og vegna 5. liðar fundargerðarinnar skýrsla KPMG um stafrænt samstarf sveitarfélaga - Valkostir fyrir framtíðarfyrirkomulag, dags. í mars 2023.

Stjórn sambandsins tekur undir að nauðsynlegt sé að formgera þátttöku sveitarfélaga í stafrænum samstarfsverkefnum og finna þessu verkefni varanlegri stað innan sambandsins.

Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson komu inn og sátu fundinn undir fundarlið 3-5.

3. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 36. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 11. apríl 2023.

4. Staða kjaramála - 2301032SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. apríl 2023, um stöðu kjaramála í apríl 2023. Einnig lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað frá kjarasviði sambandsins, dags. 27. apríl 2023, um ósamræmi í launatöflum starfsmats hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir þær tillögur sem fulltrúar kjarasviðs gerðu grein fyrir á fundinum.

5. Kjarasamningar 2023-2024 - 2301032SA

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags byggingafræðinga og Samiðnar fyrir hönd aðildarfélaga sinna, dags. 21. og 25. apríl 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða kjarasamning við Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag byggingafræðinga og Samiðnar.

Ellisif Tinna Víðisdóttir og Helgi Aðalsteinsson fóru af fundi kl. 13:15.

6. Fundargerð XXXVIII. landsþings sambandsins - 2301034SA

Lögð fram til kynningar fundargerð XXXVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Hótel Reykjavík Grand, 31. mars 2023.

Sunna Hlín Jóhannesdóttir fór af fundi kl. 13:05.

7. Fjármál sveitarfélaga - 2304026SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 27. apríl 2023, um fjármál sveitarfélaga. Sigurður Ármann Snævarr gerði grein fyrir minnisblaðinu og svaraði fyrirspurnum stjórnarfólks.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða.

Sú mynd sem hér er dregin af fjármálum sveitarfélaga er alvarleg og við henni þarf að bregðast. Mikilvægt er að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og ráða til lykta í viðræðum við ríkið, fjármögnun málaflokks fatlaðs fólks sem og frekari styrkingu á tekjustofnum sveitarfélaga.

Hildur Björnsdóttir fór af fundi kl. 13:35.

8. Skógrækt - 2304013SA

Lagt fram bréf Vina íslenskrar náttúru, dags. 14. apríl 2023, um skipulag skógræktar - ábyrgð sveitarstjórna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir erindið og felur framkvæmdastjóra að svara því m.v. umræður á fundinum.

9. Umsögn um skýrslu Boston Consulting Group um lagareldi - 2304001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 4. apríl 2023, um skýrslu Boston Consulting Group um stöðu og framtíð lagareldis á Ísland, mál nr. S-49/2023.

10. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál - 2304007SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 126. mál.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 - tilkynningar um heimilisofbeldi - 2304006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi), 856. mál.
12. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2024-2028 - 2301041SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2024-2028, 860. mál.
13. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027 - 2304009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027, 857. mál.
14. **Umsögn um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga - hvítbók - 2303037SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. apríl 2023, um drög að stefnu í málefnum sveitarfélaga (hvítbók), mál nr. S-72/2023.
15. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 - 2304014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040, 914. mál.
16. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040 - 2302009SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um matvælastefnu til ársins 2040, 915. mál.
17. **Umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2304004SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 24. apríl 2023, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028, 894. mál.

Í lok fundar þökkðu stjórnarmenn Karli Björnssyni fráfarandi framkvæmdastjóra kærlega fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu sveitarfélaga og óskuðu honum alls hins besta í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 14:05